

Skýrsla keppnisnefndar Kayakklúbbsins 2019

Keppnisnefnd samanstóð af þremur félögum sem hafa verið nokkuð duglegir að mæta í róður eða keppnir á undanförunum árum. Það er fækkun um einn eða tvo frá fyrra ári þegar Eymundur og Erna voru með í nefndinni en þau höfðu haft hitann og þungan af keppnum árin 2016 og 2017.

Við Helga og Þorbergur sáum um þessar tvær keppnir sem fóru fram á árinu. Keppnum á vegum klúbbsins fækkaði um eina þar sem að spretturinn var ekki haldinn í þetta skiptið og þrautakeppni sem fór fram í sundlauginni var líka sleppt. Við í keppnisnefndinni sáum ekki ástæðu til að halda áfram með sprett og tæknikeppni þar sem okkur fannst áhugi og þátttaka ekki hafa verið nægjanleg til að réttlæta umstangið sem þeim keppnum fylgir. Því var ákveðið hvíla þessar sérstöku keppnir að þessu sinni og einbeita okkur að þeim sem eiga orðið ákveðinn sess í sögu klúbbsins. Við reyndum að hafa keppninar á sama tíma og þær hafa verið áður og sömu vegalengdir. Veður verður alltaf lykilatriði í svona viðburðum og það reyndist svo vera á síðasta ári.



Íslandsmeistarar í kayakróðri 2018. Mynd Torfa Hjaltasonar tekin í keppni Sviða og Pyts í október.

Fyrsta keppnin var Reykjavíkurbikarinn sem varð örlagaríkur. Þar sem að Hallarbikarinn var áætlaður um næstu helgi á eftir þá létum við slag standa og héldum Reykjavíkurbikarinn laugardaginn 19. maí þrátt fyrir slæma veðurspá. Hófst keppnin á fyrirfram ákveðnum tíma og leiðin valin meðfram landi þar sem að vindaspá var austlæg og átti að hvesa með morgninum. Keppendur lögðu af stað og reru sem leið lá vestur og framhjá Fjósaklettum og undir bryggjuna við Gufunes. Róið inn í Grafarvoginn og snúið við og sama leið tilbaka. Miðað við tíma Óla og Eyma var ekki hægt að tala um að veðrið hefði haft mikil áhrif á keppnina en það breyttist snögglega og reyndist mótvindurinn vera of sterkur og austlægur til að forsvaranlegt væri að halda keppni áfram með öryggi keppenda í huga. Voru þeir keppendur sem komu á eftir Örlýgi stoppaðir og keppni hætt. Keppnisnefnd taldi að réttast væri að að keppendur héldu

sætum sínum þar sem þeir stoppuðu við norðan við bryggjuna við Gufunes og var það tilkynnt eftir örfund á keppnisdegi. Þegar farið var að skoða málin betur töldum við í keppnisnefndinni að það yrði ekki forsvaranlegt að standa við þessa ákvörðun enda Íslandsmeistaratitill í húfi. Í samráði við stjórn klúbbsins tókum við þá erfiðu ákvörðun að telja ekki stigin úr Reykjavíkurbikarnum með til Íslandsmeistaratitilsins 2018.



Keppendur í Hálfmaraboni Kayakklúbbsins þreyttir en ánægðir eftir drengilega keppni.

Næsta keppni á vegum Kayakklúbbsins var svo Hálfmarabonið. Sú keppni var haldin þann 15. september. Keppendur lögðu af stað kl 10 og var leiðin framhjá Fjósaklettum suður fyrir Viðey og að Sólfarinu og síðan útfyrir Örfirisey og Gróttu. Þar var skyldustopp í 5 mínútur og svo seinni leggurinn inn í Nauthólsvík. Fyrstu keppendur voru rúma 2 tíma og svo týndust þeir inn einn af öðrum næsta klukkutímann. Allir skiluðu sér í mark og hlutu flatböku að launum fyrir erfiðið. Keppendur og keppnisnefnd voru ánægð með framkvæmdina þó að gaman hefði verið að sjá fleiri.

Varðandi úrslit og aðrar upplýsingar um keppnirnar bendir keppnisnefndin á vefsíðu Kayakklúbbsins.

Keppnisnefnd, 14. febrúar 2019

Ágúst Ingi
Helga
Tobbi